

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

68. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 17. maí 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 14:15.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Ákvörðun sveitarfélags um að taka ekki veikindavottorð gilt vegna veikinda sem tilkynnt voru til vinnuveitanda eftirá. - 1703032SA

Niðurstaða:

Málið rætt. Afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

2. Gildir grein 2.3.9 þegar kennari ferðast með nemendum um helgar? - 1705036SA

Samstarfsnefnd hefur borist erindi þar sem óskað er skýringa um hvort grein 2.3.9 Nemendaferðir, greiðslur fyrir umsjón gildi þegar kennarar ferðast með nemendum um helgar. Ef greinin gildir ekki eftir hverju skal þá farið?

Niðurstaða:

Þegar kennarar samkvæmt grein 2.3.9 ferðast með og annast nemendur á ferðalögum skal hver ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar. Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu. Ef ferðadag ber upp á helgi eða almennan frídag breytist dagvinna í yfirvinnu nema um annað sé samið. Um lágmarkshvöld gildir gr. 2.4 og fylgiskjal 2 með samningi þessum.

3. Framkvæmd bóknar 1 hjá Akureyrarbæ - 1705001SA

Að ósk FG fór fram umræða á 67. fundi um framkvæmd bóknar 1 hjá Akureyrarbæ. Niðurstaða þess fundar var að óska eftir greinargerð frá Akureyrarbæ og hinsvegar að BKNE tæki saman greinargerð eftir samtal við fulltrúa kennara í stýrihópum í hverjum skóla. Þá átti formaður FG fund með bæjarstjóra og sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs Akureyrarbæjar í dag þar sem farið var yfir málið. Bjarni Ómar sat einnig þann fund sem fram fór á Akureyri í dag.

Beðið er eftir nánari gögnum til þess að hægt sé að ljúka málinu. Aðilar á fundi FG og Akureyrarbæjar fyrr í dag eru sammála um að mikivægt sé að leiða málið til lykta.

4. Tilkynning og skráning veikinda starfsmanna - 1705035SA

Málið lítur að því hvort sveitarfélagi er heimilt að láta veikindaskráningu og móttöku veikindatilkynninga fara í gegnum fyrirtækið Vinnuvernd og að auki í gegnum næsta yfirmann/vinnustaðinn.

Niðurstaða

Málið rætt afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

5. Önnur mál.

Rætt um í hvaða farveg samstarfsnefnd mun ætla að setja úrvinnslu á lokaskýrslum sveitarfélaga vegna bóknar 1. Umbótaáætlunum og lokaskýrslum skal skila í rafrænu formi til Sambands íslenskra sveitarfélaga á netfangið samband@samband.is. Málið verður til frekari umfjöllunar á fundi samstarfsnefndar 26. maí n.k.

Fulltrúar FG spyrja út í stöðuna vegna fundarbeiðni til ráðherra vegna bóknar 2. Félagið leggur áherslu á að þessi fundur fari fram sem allra fyrst eða fyrir 15. júní. Fulltrúar SNS hafa frumkvæði í málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30